Íþrótta- og tómstundastefna Ísafjarðarbæjar

Virðing – Metnaður – Heilbrigði - Hamingja

Inngangur

Íþrótta- og tómstundastarf eru ein af grunnþörfum hvers samfélags. Starfsemin er ekki lögbundin en framboð, metnaður og kraftur í íþrótta- og tómstundastarfi er eitt af því sem fólk tekur mið af þegar það ákveður búsetu. Það er því mikilvægt að þessi þjónusta sé til fyrirmyndar og vill Ísafjarðarbær skapa þannig aðstæður að fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf geti þrifist í sveitarfélaginu. Ísafjarðarbær rekur nú fimm félagsmiðstöðvar, kemur að rekstri tveggja tónlistarskóla og hefur gert samstarfssamning við Héraðssamband Vestfirðinga sem önnur sveitarfélög og héraðssambönd horfa til með aðdáun.

En alltaf er hægt að gera betur, strax á haustmánuðum 2010 var ákveðið að endurskoða íþrótta- og tómstundastefnu sveitarfélagsins. Eftir svolitla yfirsetu var hinsvegar ákveðið að skrifa nýja stefnu frá grunni, og hófst sú vinna með íbúaþingi sem haldið var 10. nóvember 2011. Þingið gekk vel í alla staði og voru einkunnarorð valin virðing, metnaður, heilbrigði og hamingja. Íþrótta- og tómstundanefnd hefur unnið úr niðurstöðum þessa þings og er útkoman að líta hér dagsins ljós.

Samvinna

Áfram verði gott samstarf við HSV. Íþróttaskóli HSV hefur sannað gildi sitt og mikilvægt er að hlúa vel að því góða barnastarfi. Þá er mikilvægt að samhæfa íþrótta- og tómstundastarf eins og kostur er. Með góðu og jákvæðu samstarfi félaga er hægt að vinna gott starf. Nýting mannvirkja verði skoðuð með það að leiðarljósi nýta vel þau íþróttamannvirki sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða. Hlúð verði að afreksfólki. HSV hafi forystu um innleiðingu og eftirlit með forvarnar- og jafnréttisstefnu í öllum aðildarfélögum þess.

Aðgerðir:
Áframhald samstarfssamnings milli HSV og Ísafjarðarbæjar.
Tryggja framtíð íþróttaskóla HSV.

Börn og unglingar

Mikilvægt er að börn fái að taka þátt í íþróttum- og tómstundastarfi á sínum forsendum og læri að fagna sigrum og ósigrum. Hlusta þarf á unga fólkið og þarfir þeirra og leyfa rödd þeirra að heyrast. Þegar um íþróttir og tómstundir barna og ungmenna ræðir er mikilvægt að gott samstarf sé á milli íþróttafélaga og þeirra sem sjá um tómstundastarf og skóla. Mikilvægt er að leita allra leiða til að fjölga ferðum milli bæjarkjarna og auka þannig aðgengi ungmenna að íþrótta- og tómstundastarfi í öðrum byggðum sveitarfélagsins.
Allir iðkendur íþrótta- og tómstundastarfs í Ísafjarðarbæ eiga að vera jafnir óháð kyni og/eða aldri.
Hlúa þarf enn frekar að unglingastarfi til að minnka brottfall. Þá er mikilvægt að þjálfarar skrifi undir starfs- og siðareglur og leggi áherslu á virðingu og gleði í öllu starfi með börnum og foreldrum.

Börn, foreldrar, þjálfarar og aðrir þurfa að sýna virðingu í samskiptum og vinna saman að því að útrýma einelti. Börn, foreldrar og þjálfarar verða að sýna heilbrigðan metnað í keppnisferðum og þjálfun.

Aðgerðir:
Tryggja íþróttaskóla HSV til framtíðar.
Áframhaldandi samstarfssamning milli HSV og Ísafjarðarbæjar.
Bæta almenningssamgöngur svo að henti tómstunda- og íþróttaiðkun.
Tryggja báðum kynjum jafna aðstöðu til íþróttaiðkunar.
Vera með virkt ungmennaráð.

Almenningsíþróttir – útivist

Í almenningsíþróttum verður heilbrigði haft að leiðarljósi í öllu starfi. Fjölbreytni verði í fyrirrúmi þannig að allir geti fundið hreyfingu við sitt hæfi. Hugað verði að gerð fleiri göngustíga. Íbúar Ísafjarðarbæjar verði hvattir til að vera virkir í heilsueflingu.

Menntun leiðbeinenda

Áhersla verði lögð á að þjálfarar/frístundaleiðbeinendur barna og unglinga séu með viðurkennd réttindi og hafi möguleika á að auka þekkingu sína í heimabyggð.
Við menntun þjálfara þarf að líta til gildi hreyfingar og heilbrigðs lífs. Þá þarf að leggja áherslu á aukna samvinnu þjálfara. Mikilvægt er að íþróttahreyfingin þekki til þeirra uppeldisstefna sem notaðar eru í skólum sveitarfélagsins.

Aðgerðir:
Ísafjarðarbær leggur til fé í samstarfssamningi við HSV til menntunar þjálfara.

Tómstundir

Mikilvægt er að tómstundastarf í Ísafjarðarbæ sé áhugavert, fjölbreytt og sýnilegt. Félagsmiðstöðvar verði áfram í öllum skólahverfum. Ísafjarðarbær styðji við félagssamtök eftir fremsta megni.

Aðgerðir:
Nýta laust húsnæði fyrir lista- og sköpunargleði, t.d. æfingar hljómsveita.
Efla samstöðu og samvinnu félagasamtaka.

Forvarnir

Hvetja þarf börn og ungmenni til að taka þátt í íþrótta- og tómstundastarfi. Mikilvægt er að börn, foreldrar og þjálfarar hvetji til heilbrigðs lífsstíls, meðal annars með því að vera góðar fyrirmyndir. Gildi íþrótta, lista, tómstunda og holls lífsstíls hefur margsannað sig í forvarnarstarfi.

Aðgerðir:

Áframhaldandi samstarfssamning milli HSV og Ísafjarðarbæjar.
Félagsmiðstöðvar í öllum byggðakjörnum.
Íþróttafélög fái afnot af félagsaðstöðu.
Regluleg fræðsla um næringu og áhrif notkunar áfengis, tóbaks og annarra fíkniefna.
Áframhaldandi samstarf við Vá-Vest.

Upplýsingar um íþrótta- og tómstundastarf

Tryggja fjölbreytt aðgengi að upplýsingum um íþrótta- og tómstundastarf í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að hafa öfluga heimasíðu með upplýsingum um íþrótta- og tómstundastarf. Vera með góða kynningu á íþrótta- og tómstundastarfi.

Aðgerðir:
Bæklingi um íþrótta- og tómstundastarf dreift í hús.
Aðgengilegar upplýsingar á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.
Kynna útivistarparadís sveitarfélagsins í fjölmiðlum.

Íþróttamannvirki / Aðstaða

Leggja skal metnað í að viðhalda og bæta þau mannvirki sem til eru og koma til móts við almenning og íþróttafélög í Ísafjarðarbæ. Horfa skal til fjölbreytileikans.
Skoðuð verði nýting allra íþróttamannvirkja með það það leiðarljósi að auka hana.
Við uppbyggingu íþróttamannvirkja skal taka mið af skilgreindum þörfum og mikilvægi í samvinnu við HSV. Skilgreina þörf íþróttafélaganna fyrir notkun íþróttamannvirkjanna með tilliti til aldurs iðkenda í samvinnu við HSV.

Aðgerðir:

Áframhaldandi samstarfssamning milli HSV og Ísafjarðarbæjar.
Skipuleggja uppbyggingu og endurnýjun allra íþróttamannvirkja í bænum.

Lokaorð

Þátttakendur íbúaþings sem þessi stefna er unnin eftir komu einnig fram með hugmyndir að uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu. Íþrótta- og tómstundanefnd mun á næstu mánuðum fara í vinnu við forgangsröðun og uppbyggingaráætlun íþróttamannvirkja í samstarfi við HSV.

Samþykkt í bæjarstjórn 22. nóvember 2012-